

Náttúrulegur jarðhiti við Syðra-Laugaland í  
Öngulsstaðahreppi

Sigmundur Einarsson, Axel Björnsson

Greinargerð SE-AB-82/01

auka

Náttúrlegur jarðhiti við Syðra-Laugaland í Öngulsstaðahreppi

Í eftirfarandi töflu er að finna allar þær athuganir á hitastigi og rennsli heits vatns úr laugum við Syðra-Laugaland í Eyjafirði, sem jarðhitadeild Orkustofnunar er kunnugt um að gerðar hafi verið og skjalfestar.

Hvenær mælt	Hiti (°C)	Rennsli (l/s)	Heimild
1910	54		(8)
1936	54		(1)
1939	≤55	ca 2	(6)
1943	50, 53		(5)
1943	50-56		(7)
1047	55	1-1,5	(3)
1947 (?)	50, 55	1-1,5	(2)
1949	54,8		(3)
1959	54		(4)

Upprunalega var um eina laug að ræða en einhvern tíma fyrir 1943 var grafið í afbræðslusvæði um 10 m ofan við laugina. Samkvæmt heimildunum mældist yfirleitt 53-56°C hiti í lauginni en um 50°C hiti í gryfjunni. Ekki verður séð að laugarnar hafi nokkurn tíma verið rennslismældar nákvæmlega. Hvergi er gefin upp nákvæm tala og því líklegast að ávallt sé um ágiskanir eða grófa mælingu að ræða.

Sem meðaltal mætti nota 55°C og 1,5 l/s. Miðað við nýtingu varmans niður í 40°C samsvarar þetta rennsli 22,5 kcal/s. Það jafngildir 0,45 l/s af 90°C heitu vatni, sem nýtt væri niður í 40°C.

Eftir að djúpboranir hófust að Laugalandi 1975 þornuðu laugarnar. Reyndust vera nokkuð bein tengsl á milli þeirra og holu LJ5, fyrstu holunnar sem boruð var. Fjórar eldri grunnar holur, boraðar rétt við laugarnar, gáfu engan árangur í sínum tíma.

Heimildir

- (1) Barth, T.F.W. 1950: Volcanic geology, hot springs and geysers of Iceland. Carnegie Institution of Washington. Publication 587, Washington, 174 s.
- (2) Gunnar Böðvarsson 1949: Skýrsla til fræðslumálastjóra um rannsóknir á jarðhita. Raforkumálaskrifstofan, 9 s.
- (3) Jarðboranir ríkisins 1951: Efnagreiningar á hverum og laugum. Jarðboranir ríkisins, (91) s.
- (4) Jón Sólmundsson 1959: Laugabók, dagbók frá athugunum á jarðhitastöðum á Norðurlandi. Handrit í vörslu Jarðhitadeildar Orkustofnunar.
- (5) Rannsóknaráð ríkisins 1944: Jarðhiti á Íslandi I, alkalísk jarðhitasvæði. Reykjavík. Rannsóknaráð ríkisins, (177) s.
- (6) Trausti Einarsson 1942: Über das Wesen der heissen Quellen Islands. Vísindafél. Ísl. Rit, 26, 91 s.
- (7) Trausti Ólafsson 1950: Almennar efnarannsóknir, kafli III. Rannsókn á laugavatni. Atvinnudeild Háskólans, skýrsla iðnaðardeildar 1945-46, s. 9-34.
- (8) Þorkell Þorkelsson 1920: Undersøgelse af nogle varme kilder på Nordisland. - Det Kgl. Danske Vid. Slesk., Math.-fys. Medd. III, 30 bls.